



1. Skóli sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi

„Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja.“ Þessi orð eiga vel við um sögu og þróun Lækjarskóla í Hafnarfirði. Með 133 ára sögu að baki mótast starf þess skóla enn í dag af metnaði, mannúð og framsýni stofnenda hans, prófastshjónanna í Görðum í Garðahreppi. Skólinn hefur starfað í samfellu frá 1877, verið á fjórum stöðum í Hafnarfirði, og starfað undir þremur nöfnum. Fyrst hét hann Barnaskóli Garðahrepps og svo Barnaskóli Hafnarfjarðar. Frá árinu 1961 hefur nafn hans verið Lækjarskóli og fram til þess tíma var hann eini opinberi barna- og unglingaskólinn í Hafnarfirði. 17 skólastjórar hafa starfað við skólann frá upphafi. Allir hafa þeir sett mark sitt á starfsemi skólans með margbreytilegum áherslum; viðhaldið því sem vel var gert en einnig aðlagð og þróað skólastarfið í samræmi við hugmyndir og áherslur í skólamáli á hverjum tíma. Því má segja að saga skólans einkennist af farsælu og framsæknu fræðslustarfi sem hefur verið hafnfirsku samfélagi til framdráttar á aðra öld.

Fjölbreytt og markvisst skólastarf einkennir starfsemi Lækjarskóla. Skólinn hefur lengi lagt áherslu á verk- og listgreinar en margbreytileg og skapandi viðfangsefni stuðla að aukinni ánægju nemenda og starfsfólks. Einnig er boðið uppá deildaskipt fjölnám í skólanum til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Er námi þessu skipt upp í þrjá meginþætti:

- ✓ Fjölgreinabraut, sem er tilraunaverkefni skólans og menntamálaráðuneytisins; tveggja ára nám sem hefur að markmiði að tryggja framhaldsnám við hæfi fyrir nemendur eftir 10. bekk.
- ✓ Fjölgreinanám, sem ætlað er nemendum 9. og 10. bekkja úr hafnfirskum grunnskólum. Áhersla er lögð á einstaklingsbundna aðstoð, aukið verklegt nám og sjálfstyrkingu nemenda.
- ✓ Fjöltækninám, fyrir nemendur sem eiga í tilfinninga- og félagslegum erfiðleikum.

Jafnframt er í Lækjarskóla starfrækt móttökudeild með fjölmennigarlegum kennsluháttum fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Þrátt fyrir að deildin sé tímabundið úrræði fyrir grunnskólana í Hafnarfirði hefur hún orðið öðrum skólun að fyrirmynd. Þá eru í skólanum bekkjatengd námsúrræði fyrir nemendur sem þarfnast sérstaks stuðnings og aðstoðar. Öflugt félagsstarf er einnig rekið í skólanum, s.s. Jafnréttislestin þar sem viðfangsefnið er jafnrétti kynjanna, og öflugur kór sem hefur verið starfræktur í nokkur ár. Kórnum er skipt í Litlakór, Miðkór og Stórakór.

Lækjarskóli tekur virkan þátt í ýmsum þróunarverkefnum, s.s. samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins um jafnrétti kynjanna, samvinnunámsverkefninu Enginn getur allt. Allir geta eitthvað, og verkefninu SMT jákvæð skólafærni. Hafnarfjörður hefur markað sér metnaðarfulla áætlun um forvarnarstarf fyrir börn og unglunga og tekur Lækjarskóli virkan þátt í því með aðstoð foreldrafélags skólans.

Af framangreindu er ljóst að Lækjarskóli er verðugur handhafi menntaverðlaunanna 2010 fyrir farsælt samhengi í fræðslustarfi. Skólastarfið í Lækjarskóla á sér langa og farsæla sögu sem hefur mótast í samræmi við aðstæður á hverjum tíma. Starfsemi skólans einkennist af metnaði og samvinnu þar sem nemendur eru í brennidepli. Nám við skólann er í stöðugri þróun og beinist að því að koma til móts við þarfir sem flestra og þjóna Hafnfirðingum sem best.